

Slysavarnafélagið Landsbjörg

Jafnréttisstefna

Slysavarnafélagið Landsbjörg (SL) vill í starfsemi sinni sýna samfélagslega ábyrgð með því að stuðla að jafnrétti kynjanna. Félagið setur sér því jafnréttisstefnu sem tekur mið af jafnréttislögum nr. 10/2008. Jafnréttisstefna SL er í sex liðum sem miðar að því styrkja ábyrga starfshætti félagsins. Umsjón með framgangi jafnréttisstefnu og eftirfylgni er í höndum stjórnar, jafnréttisfulltrúa og framkvæmdastjóra.

1. Jafnrétti kynjanna

Slysavarnafélagið Landsbjörg er félag sem beitir sér fyrir því að mannréttindi séu virt innan félagsins og í starfsemi þess út á við. Á þetta við um stefnumótun, skipun í trúnaðarstöður og daglegan rekstur félagsins. Í því sambandi er lögð sérstök áhersla á að stjórnendur og stjórn félagsins hugi að því hvaða áhrif ákvarðanir þeirra hafa á jafnrétti kynjanna. Einnig leggur SL áherslu á og hvetur einingar innan SL til að stuðla að jafnrétti. Stjórn félagsins setur markmið varðandi viðfangsefni á sviði jafnréttismála og ákvarðar hvaða leiðir eru farnar. Á tveggja ára fresti er metinn sá árangur sem náðst hefur og niðurstaða rædd sem formlegur dagskrárliður á minnst einum stjórnarfundum og markmið og leiðir endurskilgreindar. Á landsþingi er starf stjórnar á sviði jafnréttismála jafnframt kynnt félagsmönnum.

2. Jöfn tækifæri kynjanna

Slysavarnafélagið Landsbjörg greiðir körlum og konum undantekningarlaust sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og hugar að því við nýráðningar að hafa hlutfall karla og kvenna hjá félaginu sem jafnast. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að kynna jafnréttisstefnu og einstök markmið stjórnar félagsins fyrir starfsmönnum, fá endurgjöf á þau og koma upplýsingum, ef einhverjar eru, til stjórnar. SL tryggir starfsfólki sínu af báðum kynjum jafnan aðgang og jöfn tækifæri til endurmenntunar og tengslamyndunar.

3. Starfsskilyrði

Slysavarnafélagið Landsbjörg líður ekki ofbeldi. Kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni, einelti, andlegt- eða líkamlegt ofbeldi er litið alvarlegum augum hjá félaginu og skal tafarlaust leitað leiða til að uppræta slíkt. Telji aðilar á sér brotið eða hafa ábendingar um að slíkt ofbeldi eigi sér stað innan félagsins er hægt að beina þeim til framkvæmdastjóra eða til stjórnarmanna. Útbúnaður skulu verklagsreglur um meðferð mála sem varða ofangreint ofbeldi þar sem skýrt er kveðið á um úrræði.

4. Ábyrgðarstöður

Við skipan í nefndir og ráð skal leitast við að hafa hlutföll milli kvenna og karla sem jöfnust. Halli á annað kynið skal leita leiða til að slíkt sé leiðrétt. Stefna SL er sú að gera ekki upp á milli kynja, félaga, eininga eða landshluta þegar skipað er í nefndir eða ráð félagsins. SL horfir jákvæðum augum til hugmynda og áætlana sem ýta undir aukið jafnvægi kynjanna og leitast við að styðja við þær enda samræmist þær jafnréttisstefnu félagsins.

5. Tengsl við einingar

Slysavarnafélagið Landsbjörg vill beita áhrifum sínum í samskiptum við einingar innan SL til þess að stuðla að jafnrétti, meðal annars með því að hvetja til þess að jafna kynjahlutföll í stjórnnum eininga. Þá mun félagið hvetja til jafnrar þátttöku kynja í öllu starfi félagsins. SL mun einnig leitast við að allar einingar félagsins muni fá jafna þjónustu og upplýsingar frá félaginu.

6. Markmið

Slysavarnafélagið Landsbjörg mun hafa að leiðarljósi að:

- Skipa í nefndir og ráð félagsins með jafnri skiptingu kynja eins og mögulegt er.
- Skipa hæfa einstaklinga óháð búsetu í nefndir og ráð.
- Fá hæfa einstaklinga, óháð kyni, til að vera í forsvari fyrir einstök málefni félagsins, t.d. í nefndum, ráðum eða öðrum hópum.
- Hvetja einstaklinga, óháð kyni, til að bjóða sig fram til trúnaðarstarfa innan félagsins með afgerandi hætti.
- Hvetja einstaklinga, óháð kyni, til þátttöku í starfi eininga innan SL.
- Skipa jafnréttisfulltrúa til að tryggja að jafnréttisstefnu sé fylgt.

Gildissvið:

- Samþykkt á stjórnarfundum 5. apríl 2016
- Jafnréttisstefna þessi var kynnt á formannafundi SL 16. apríl 2016.
- Jafnréttisstefnu þessa skal endurskoða í aðdraganda landsþings.
- Jafnréttisstefna skal vera aðgengileg á heimasíðu félagsins.